

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar foreldrafélags Varmárskóla

Á aðalfundi foreldrafélagsins sem haldinn 24. apríl síðast liðinn voru eftirfarandi kosin ný í stjórn : Helga Kristín Magnúsdóttir, Elfa Huld Haraldsdóttir, Raket Baldursdóttir, Benedikt Erlingsson og Erla Birna Birgisdóttir. Jón Þór Ragnarsson og Sigríður Ingólfssdóttir voru endurkjörin og jafnframt kosin áfram til setu í skólaráði.

Mættir voru: Elfa, Erla, Helga Kristín, Jón Þór, Raket og Sigríður.

Verkaskipting:

1. Formaður: Helga Kristín Magnúsdóttir
 2. Varaformaður: Elfa Huld Haraldsdóttir
 3. Gjaldkeri: Erla Birna Birgisdóttir
 4. Ritari: Raket Baldursdóttir
 5. Meðstjórnandi: Benedikt Erlingsson
 6. Meðstjórnandi og skólaráðsfulltrúi: Jón Þór Ragnarsson
 7. Meðstjórnandi og skólaráðsfulltrúi: Sigríður Ingólfssdóttir
- Rætt var um að virkja Sammos sem er samstarfsvettvangur foreldrafélaga allra grunnskóla bæjarins. Mikilvægt er að foreldrafélögin vinni saman í sameiginlegum hagsmunamálum og þrýsti á þá er málið varða til að gera sífellt betur enda markmiðið að skólar í Mosfellsbæ séu í fremstu röð.
 - Rætt var um aðbúnað og ástand á skólahúsnæði sem brýnt er að bregðast við. Óskað verður eftir aðgangi að skýrslu Eflu um raka og myglu sem og viðhaldsáætlun til næstu ára.
 - Óskað verður eftir fundi með skólastjórnendum fyrir skólalok til að ræða áherslur næsta veturs.
 - Umræða hefur til að mynda verið meðal foreldra um að skoða möguleika á að fara á Reyki með 7. bekk eins og er árvisst í mörgum skólum. Bekkir eru gjarnan stokkaðir upp í 7. bekk og því væri þetta frábært hópefli og tækifæri til að skapa skemmtilegar minningar. Rætt var um hvort ekki mætti nýta aurinn sem 6. bekkur safnar á vorhátíð til að niðurgreiða Reyki og kveðja yngri deild með öðrum hætti, en undan farin ár hefur verið farið í Smáratívoli sem þykir skilja lítið eftir.
 - Jafnframt var rætt um að skoða betur hvernig tengja megi atvinnulíf, söfn og stofnanir betur við skólastarfið. Sbr. GERT-menntasmiðjan <http://gert.menntamidja.is/> Dæmi: heimsækja Vísindasmiðju Háskóla Íslands í tengslum við nám í náttúrufræði. Þegar börnin læra um víkinga að heimsækja t.d. Þjóðminjasafnið. Þegar börnin læra um húsdýrin að heimsækja t.d. Hraðastaði. Krakkarnir fái líka aukin tækifæri til að kynnast sínu nærumhverfi og atvinnulífinu.

- Rætt var um að í stað gjafa til kennara (súkkulaði, kerti o.s.frv.) að veita hvatningarverðlaun til kennara sem hefur skarað fram úr í starfi. Mikilvægt er að vekja athygli á því sem vel er gert og næsta vetur gæfist nemendum og foreldrum kostur á að senda inn ábendingar.
- Mörg verkefni bíða nýrrar stjórnar og mikilvægt er skólasamfélagið taki höndum saman því það eru margar áskoranir framundan á tækniöld. Hlökkum til að takast á við spennandi verkefni og eiga uppbyggilegar umræður um hvernig hægt sé að gera betur.

Fundi slitið.